
Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs 8. maí 2021
Fundargerð – útdráttur

Laugardaginn 8. maí 2021 var haldinn aðalfundur STEFs. Fundurinn hófst kl. 11:00 og var haldinn að Laufásvegi 40, auk þess að vera fjarfundur í gegnum Microsoft Teams.

Til fundar var boðað í samræmi við samþykktir STEFs, með fundarboði sem sent var út þann 19. apríl 2021, auk þess sem áminning var send út tvisvar sinnum.

Mættir voru: *Bragi Valdimar Skúlason, Sigurður Flosason, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Pétur S. Jónsson, Hallur Ingólfsson, Auðunn Atlason, Hera Björk Þórhallsdóttir, Óttarr Proppé, Gunnar Andreas Kristinsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Logi Pedro Stefánsson, Sigríður Thorlacius, Úlfar Ingi Haraldsson og Jakob Frímann Magnússon.* Að auki sátu fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri og Einar Hafliði Einarsson endurskoðandi samtakanna.

Formaður fulltrúaráðs, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, setti fundinn og stýrði honum. Aðalsteinn gerði grein fyrir fundarboði og lýsti eftir athugasemdum við boðun. Engin athugasemd kom fram, auk þess sem að á fundinum voru á þeim tímapunkti mættir 17 fulltrúar, þannig að skilyrðum samþykktu um lágmarksmætingu var fullnægt. Lýsti fundarstjóri fundinn því löglegan til að taka fyrir þau mál sem fyrir honum liggja.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri.

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

Venjuleg aðalfundarstörf

1. Framkvæmdastjóri flutti skýrslu um starfsemi STEFs á liðnu starfsári. Í máli sínu minntist hún sérstaklega á áhrif COVID-19 á starfsemi STEFs, bæði hvað varðar skrifstofuhald, áhrif á innheimtu og til hvaða aðgerða var sérstaklega gripið til handa meðlimum. Einnig minntist hún á þýðingu nýrra samninga við Spotify, YouTube og Þjóðkirkjuna. Þá sagði hún frá ýmsum niðurstöðum og tillögum í skýrslu greiningarfyrirtækisins *Midia* um streymismarkaðinn, sem gerð varð að frumkvæði Björn Ulveus, formanns CISAC og annars tónhöfundanna að baki ABBA, en í skýrslunni er m.a. greint frá misskiptingu réttinda tónhöfunda annars vegar og masterseigenda hins vegar.

Bragi Valdimar, stjórnarformaður STEFs, gerði því næst grein fyrir starfsemi stjórnar s.l. ár. Í máli hans kom m.a. fram, að þrátt fyrir mikla erfiðleika í tónlistargeiranum undanfarið, þá hafi myndast ákveðinn samhljómur innan geirans og þvert á listgreinar. Var eftir því tekið hversu vel tónlistargeirinn starfaði saman og má segja að sú skýrsla sem hann stóð að, hafi markað grunninn að tekjufallsstyrkjum ríkisstjórnarinnar, sem hafa hins vegar nýst öðrum betur en tónlistarfólki. Bragi minntist einnig á góða undirbúningsvinnu vegna nýrrar tónlistarmiðstöðvar, í vinnuhópi undir stjórn Jakobs Frímanna Magnússonar, en vonir standa til að sú stofnun komist á laggirnar á þessu ári. Slík tónlistarmiðstöð myndi verða nýtt hryggjarstykki fyrir bransann og án vafa efla tónlistarlífið innanlands sem utan. Bragi Valdimar sagði einnig frá fundi STEFs með Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra, en rætt var við hann um möguleika á að bæta STEFi upp það tekjufall sem samtökin

hafa orðið fyrir vegna áhrifa heimsfaraldursins, sér í lagi vegna samkomutakmarkanna. Að lokum þakkaði Bragi starfsfólki skrifstofu STEFs fyrir gott starf á árinu.

Undir þessum lið kvaddi Jakob Frímánn sér hljóðs og taldi fulla ástæðu til bjartsýni. Áskrifendafjöldi Spotify á Íslandi væri um 120 þúsund og hlutur íslenskra höfunda að skána. Í því sambandi mætti nefna að FTT hefði staðið fyrir námskeiði fyrir höfunda, um það hvernig best væri hægt að nálgast tiltekna markhópa eða svæði í heiminum, sem hefði gefist vel. Þá greindi Jakob aðeins frá störfum fyrrnefnds vinnuhóps um tónlistarmiðstöð, sem skilað hefði ítarlegri skýrslu, sem mælst hefði vel fyrir. Einnig hefði ráðherra mennta- og menningarmála verið jákvæður fyrir þeirri hugmynd að búa til nýtt ráðuneyti skapandi greina, sem stæði fyrir 16% af útflutningstekjum landsins.

Logi Pedro Stefánsson óskaði eftir að taka til máls og vakti athygli á því hversu lítil umræða væri héraendis um s.k. masterréttindi. Allt of oft viti tónlistarfólk ekki hver á masterinn af hljóðritum verka þeirra, því útgáfufyrirtæki hafi komið og horfið aftur af markaðnum.

2. Löggiltur endurskoðandi STEFs, Einar Hafliði Einarsson, gerði grein fyrir lykiltölum úr ársreikningi samtakanna fyrir árið 2020. Fyrir fundinn hafði ársreikningur, samþykktur af stjórn, verið sendur út til fulltrúaráðsins.

Lýsa má rekstrarárinu 2020 á þann hátt, að það markaðist að miklu leyti af áhrifum heimsfaraldursins, en takmarkanir á ferðalögum, samkomum og fjölda gesta höfðu gífurleg áhrif á tónlistargeirann. Samkvæmt mikilli skýrslu EY (Earnst & Young), sem gerð var fyrir ESB, varð tónlistargeirinn verr úti en ferðapjónusta í Evrópu. Tekjutap STEFs vegna tónleika var 79% yfir árið og fór vaxandi eftir því sem leið á árið, fór alveg upp í 89% á síðustu þremur mánuðum þess. Tekjutap STEFs vegna bakgrunnstónlistar nam í heild 22%, en þar varð tekjutapið vegna veitingastaða 34% og vegna kvikmyndahúsa 66%. Ljóst er að þetta tekjutap mun hafa mikil áhrif á úthlutun STEFs til meðlima sinna á þessu ári.

STEF vann þó mikinn varnarsigur á liðnu ári, því tekjur erlendis frá jukust umtalsvert á milli ára, eða um 19%, auk þess sem tekjur vegna streymis tónlistarveita jukust mikið milli ára. Tekjur frá íslenskum ljósvakamiðlum voru nokkuð svipaðar milli ára. Á árinu 2020 fékk STEF einnig stóra greiðslu frá Netflix, sem var uppsöfnuð þóknun vegna árána 2016-2020. Sú greiðsla sýnir verulega heildarniðurstöðu rekstrarreikningsins, en nær öll upphæðin tilheyrir erlendum höfundum. STEF fær þó umsýsluþóknun af þessari greiðslu.

Alls námu heildartekjur STEFs á árinu kr. 855.029.069 og rekstrargjöld voru 162.769.111. Bein úthlutun til rétthafa á árinu var alls kr. 576.821.833, auk þess sem STEF úthlutaði töluverðum fjármunum í gegnum styrkjakerfi STEFs; Upptökusjóð STEFs, Nótñasjóð STEFs, Tónmenntasjóð kirkjunnar, Tónskáldasjóð STEFs og RÚV og Tónskáldasjóð Bylgjunnar og Stöðvar 2. Þá styður STEF sérstaklega við íslenska tónlist í gegnum framlag til m.a. Félags tónskálda og textahöfunda,

Tónskáldafélags Íslands, ÚTÓN, Útflutningssjóðs íslenskrar tónlistar og til Samtóns, sem heldur m.a. Dag íslenskrar tónlistar og Íslensku tónlistarverðlaunin.

Undir þessum lið kvað Jakob Frímánn sér hljóðs og vakti athygli á auknu mikilvægi tekna vegna kvikmyndatónlistar og taldi að áhugavert yrði að sjá sundurliðun á þeim tekjum og þróun milli ára. Guðrún Björk svaraði því til, að ekkert væri því til fyrirstöðu að kynna betur sundurliðun tekna að þessu leyti á næsta aðalfundi.

Gunnar Andreas Kristinsson spurði sérstaklega um úthlutun Ferðasjóðs STEFs skv. ársreikningnum og hvernig úthlutunum úr honum yrði hagað á þessu ári vegna áhrifa heimsfaraldursins. Guðrún Björk svaraði því til, að úthlutað hefði verið úr sjóðnum í byrjun árs 2020, áður en heimsfaraldurinn hefði skolið á og hefði þá verið úthlutað um helmingi af því sem áætlað hafði verið að Ferðasjóðurinn hefði til umráða yfir árið. Ætlunin væri að auglýsa ferðastyrki í sumar sérstaklega og væri þá væntanlega hægt að úthluta því sem sjóðurinn á inni frá fyrra ári, ásamt áætluðu styrktarfé þessa árs.

Hafdís Bjarnadóttir bar upp spurningu um hugsanlegar tekjur STEFs vegna tölvuleikja. Jakob Frímánn svaraði henni og sagði að í þeim heimi tíðkuðust uppkaupssamningar og því fengi STEF engar tekjur vegna tónlistar í tölvuleikjum.

Ársreikningurinn var borinn undir fundinn og hann samþykktur samhljóða.

3. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.

Stjórn lagði fram þá tillögu að sömu skoðunarmenn yrðu kjörnir og áður: Eyjólfur Kristjánsson og Tryggvi M. Baldvinsson og til vara þeir Finnur Torfi Stefánsson og Ingi Gunnar Jóhannsson. Engar aðrar tillögur komu fram og var tillagan samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og önnur hlunnindi þeirra, ef slíku er til að dreifa svo og laun skoðunarmanna og formanns fulltrúaráðs.

Aðalsteinn Ásberg kynnti tillögu stjórnar, sem lýtur að því að stjórnarlaunin taki breytingu skv. vísitölu, en séu að öðru leyti óbreytt.

Tillagan er eftirfarandi:

Almennir stjórnarmenn:	647.964
Varaformaður:	1.295.928
Formaður:	2.591.856
Formaður fulltrúaráðs:	323.982
Skoðunarmenn:	114.216

Engar aðrar tillögur komu fram. Var hún borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál bárust fyrir fundinn.

Úlfar Ingi Haraldsson kvað sér hljóðs og spurði, í framhaldi af umræðum Loga Pedro fyrir á fundinum, um hvað yrði almennt um útgáfuréttindi við eigendaskipti. Var þessu svarað af Guðrúnu Björk, sem sagði að útgáfuréttindin fylgi almennt með eigendaskiptum, nema um annað hafi verið samið. Gæta þyrfti að slíku við samningsgerð. Logi Pedro óskaði þá einnig eftir að taka til máls og bætti því við, að fræðsla fyrir tónlistarfólk væri að þessu leyti mjög mikilvæg og að umræðan hér á landi um þessi mál mætti vera mun meiri. Þá bætti Bragi Valdimar því við, að í þessu sambandi gæti fyrirhuguð ný tónlistarmiðstöð haft hlutverki að gegna. Aðalsteinn Ásberg minnti þá á þjónustu STEFs og að hægt væri að fá ráðgjöf við samningsgerð á skrifstofunni.

Úlfar Ingi vakti einnig máls á tekjufallsstyrkjum. Bragi Valdimar tók undir orð hans og útskýrði að nú hafi svokallaðir viðspyrnustyrkir tekið við af tekjufallsstyrkjum og að þeim sé ætlað að ná til stærri hóps, með lægri tekjufallsviðmiði en áður.

Aðalsteinn Ásberg kvaddi sér hljóðs og sagði að stjórn STEFs hefði farið þess á leit við hann, að segja í nokkrum orðum frá starfsemi svokallaðrar „Allsherjarnefndar STEFs“ undir þessum lið. Í nefnd þeirri sitja auk Aðalsteins Ásbergs þeir Óttarr Proppé og Atli Ingólfsson. Væri nefndinni, skv. beiðni stjórnar STEFs, að skoða með gagnrýnum augum úthlutunarreglur STEFs og leggja fram tillögu að breytingum á þeim í samræmi við breytta starfshætti. Aðalsetinn sagði að ljóst, að úthlutunarreglurnar þarfnist uppfærslu, auk þess sem að með árunum hafi safnast saman hinar ýmsu óskráðu verklagsreglur, sem rétt sé að færa inn í úthlutunarreglurnar. Í þessu sambandi sé nefndinni heimilt að skoða í öll horn. Sé nefndinni ætlað að koma með tillögu að nýjum reglum næsta vetur, þannig að hægt verði að kynna nýjar reglur fyrir fulltrúaráði á jólafundi og síðan bera upp til samþykktar aðalfundar næsta vor. Góður rómur var gerður að þessari vinnu nefndarinnar.

Ekki voru borin upp fleiri mál.

Fundi var slitið af formanni Fulltrúaráðs kl. 12:30.